# Fundargerð 304. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg
**Fundardagur:** þriðjudagur 1. október 2024
**Fundartími:** 16:00-17:20
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. **Fundargerð skipulagsnefndar nr. 288, dags. 25.09.2024**
   a) **Flóahreppur og Árborg; SE1 jarðstrengur í stað Selfosslínu 1; Framkvæmdaleyfi - 2409033**
   Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi sem tekur til lagningar jarðstrengs. Í framkvæmdinni felst lagning 66/132kV jarðstrengs í stað Selfosslínu 1 sem er 66 kV loftlína austan við Selfoss. Strenghlutinn mun ná frá tengivirki austast í bænum og að mastri 114 sem staðsett er á golfvelli austan við nýja veginn. Um 2/3 hlutar leiðarinnar liggja um Flóahrepp.
   *Á grundvelli framlagðra gagna mælist skipulagsnefnd UTU til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerðar athugasemdir við útgáfu framkvæmdaleyfis vegna lagningar 66/132kV jarðstreng í stað Selfosslínu 1 sem er 66 kV loftlína austan við Selfoss, með fyrirvara um að aðalskipulagsbreyting vegna breytingar á legu strengs, verði samþykkt og birt í B-deild stjórnartíðinda. Mælist nefndin til þess að við útgáfu framkvæmdaleyfis verði unnin greinargerð á grundvelli 10. og 12. gr. reglugerðar 772/2012 um framkvæmdaleyfi og 3. mgr. 27. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, en þar segir að leyfisveitandi skuli taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem gerð er rökstudd grein fyrir samræmi við niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar. Hafi Skipulagsstofnun sett skilyrði um mótvægisaðgerðir eða vöktun, sbr. 24. gr., skal það koma fram í leyfinu. Samþykki landeigenda viðkomandi lands sem framkvæmdin fer fram á skal liggja fyrir.*

   Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við útgáfu framkvæmdaleyfis vegna lagningar 66/132kV jarðstrengs í stað Selfosslínu 1 sem er 66 kV loftlína austan við Selfoss, með fyrirvara um að aðalskipulagsbreyting vegna breytingar á legu strengs, verði samþykkt og birt í B-deild stjórnartíðinda. Sveitarstjórn fer fram á að við útgáfu framkvæmdaleyfis verði unnin greinargerð á grundvelli 10. og 12. gr. reglugerðar 772/2012 um framkvæmdaleyfi og 3. mgr. 27. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, en þar segir að leyfisveitandi skuli taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem gerð er rökstudd grein fyrir samræmi við niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar. Hafi Skipulagsstofnun sett skilyrði um mótvægisaðgerðir eða vöktun, sbr. 24. gr., skal það koma fram í leyfinu. Samþykki landeigenda viðkomandi lands sem framkvæmdin fer fram á skal liggja fyrir.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) **Vestur-Meðalholt L165513; Íbúðarbyggð; Deiliskipulag – 2311079**
Lögð er fram, eftir auglýsingu og afgreiðslu skipulagsstofnunar, tillaga deiliskipulags sem tekur til nýs íbúðarsvæðis í landi Vestur-Meðalholta í Flóahreppi. Skipulagssvæðið er staðsett suðaustan við Selfoss, milli Gaulverjabæjarvegar og íbúðarbyggðar í Rima, og er um 20 ha að stærð. Aðkoma er um nýja vegtengingu frá Önundarholtsvegi. Á skipulagssvæðinu eru afmarkaðar 17 lóðir. Stærð lóða er frá 7.499 m2 til 21.938 m2 og er nýtingarhlutfall lóða skilgreind að hámarki 0,05. Byggingarreitir innan skipulagsins eru merktir B1-B2-B3 og gilda mismunandi heimildir innan þeirra. Innan lóða er almennt heimilt að byggja íbúðarhús, bílskúr og gestahús auk þess sem heimildir eru fyrir skemmu og gripahúsi. Athugasemdir bárust við gildistöku deiliskipulagsins af hálfu Skipulagsstofnunar og eru þær lagðar fram ásamt uppfærðum skipulagsgögnum.
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögn sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra deiliskipulagsgagna og samantektar á athugasemdum og viðbrögðum sem lögð eru fram við afgreiðslu málsins. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag fyrir Vestur-Meðalholt L165513; Íbúðarbyggð; Deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar og að það taki gildi gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögn sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra deiliskipulagsgagna og samantektar á athugasemdum og viðbrögðum sem lögð eru fram við afgreiðslu málsins. Gögn verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Samþykkt með 5 atkvæðum

c) **Efri-Sýrlækur L166327; Frístundasvæði; Deiliskipulagsbreyting – 2409048**
Lögð er fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu sem tekur til frístundasvæðis í landi Efri-Sýrlækjar L166327 í Flóahreppi. Í breytingunni felst að deiliskipulagssvæðið er minnkað, leyfilegum byggingum fækkað auk þess sem afmarkaðar eru tvær lóðir, Efri-Sýrlækur 4 og Efri-Sýrlækur 5.
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi fyrir Efri-Sýrlæk L166327; Frístundasvæði; Deiliskipulagsbreyting og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) **Vatnsendi land L216103; Úr íbúðasvæði í landbúnaðarland og skógrækt; Fyrirspurn – 2409049**
Lögð er fram fyrirspurn er varðar breytingu á landnotkun Vatnsenda lands L216103. Í breytingunni felst að íbúðarsvæði ÍB8 verði breytt í landbúnaðar- og skógræktarsvæði.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerðar athugasemdir við framlagða fyrirspurn. Mælist nefndin til þess að unnin verði skipulagslýsing sem tekur til viðkomandi breytingar.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða fyrirspurn um Vatnsenda land L216103; Úr íbúðasvæði í landbúnaðarland og skógrækt. Sveitarstjórn fer fram á að unnin verði skipulagslýsing sem tekur til viðkomandi breytinga.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) **Þjórsárbraut 2 (L237564); byggingarleyfi; einbýlishús, gestahús og skemma – 2409019**

Móttekin var umsókn þann 07.09.2024 um byggingarleyfi fyrir 290,8 m2 einbýlishús, 100,6 m2 gesthús og 395,6 m2 skemmu á landinu Þjórsárbraut 2 L237564 í Flóahreppi. *Að mati skipulagsnefndar falla framlagðir uppdrættir ekki að öllu leyti að skilmálum deiliskipulags þar sem gert er ráð fyrir því að þakhalli þaka á svæðinu skuli vera á bilinu 12-45°. Að mati nefndarinnar er þó meginþakgerð svæðisins í takt við skilmála deiliskipulags og telur nefndin því ekki ástæðu til að hafna framlögðum uppdráttum á þeim grunni að lítill hluti þakgerða á svæðinu verði með flötu þaki. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis þar sem segir að sveitarstjórn sé heimilað að vikið sé frá kröfum 2. mgr. um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.*

Að mati sveitarstjórnar Flóahrepps falla framlagðir uppdrættir vegna Þjórsárbrautar 2 L237564 ekki að öllu leyti að skilmálum deiliskipulags þar sem gert er ráð fyrir því að þakhalli þaka á svæðinu skuli vera á bilinu 12-45°. Að mati sveitarstjórnar er þó meginþakgerð svæðisins í takt við skilmála deiliskipulags og telur sveitarstjórn því ekki ástæðu til að hafna framlögðum uppdráttum á þeim grunni að lítill hluti þakgerða á svæðinu verði með flötu þaki. Sveitarstjórn samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis þar sem segir að sveitarstjórn sé heimilað að vikið sé frá kröfum 2. mgr. um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. **Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 211, dags. 18.09.2024**

Lagðar fram til kynningar.

3. **Þingborg eldri**

Í kjölfarið á erindum til sveitarstjórnar vegna sýnds áhuga á kaupum á fasteigninni Þingborg eldri F2201101, sem bókað var um á fundum sveitarstjórnar nr. 296. og 299, þá fór sveitarstjórn í skoðunarferð um húsnæðið. Ljóst þykir að mikil viðhaldsþörf er á fasteigninni. Sveitarstjórn samþykkir að ákvörðun um framtíðarnotkun og hlutverk fasteignarinnar Þingborgar eldri F2201101 verði tekin fyrir að nýju á fundi sveitarstjórnar þann 15. október næstkomandi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. **Tillaga að uppgreiðslu láns hjá LS nr. 1905036**

Fyrir liggur ábending frá KPMG endurskoðun um að skoða hvort vilji sé til þess að greiða upp lán nr. 1905036 hjá Lánasjóði sveitarfélaga hjá Flóaljósi þar sem Flóahreppur er ábyrgðaraðili. Greiðsla á næsta gjalddaga dags. 05.01.2025 er alls 33,3 milljónir sem (vextir og höfuðstóll láns). Heimilt er að greiða lánið að hluta eða að fullu á gjalddögum lánsins sem eru í janúar og júlí án kostnaðar fyrir lántaka.
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að vísa ákvörðun um uppgreiðslu láns til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2025.

Samþykkt með 5 atkvæðum

5. **Erindi frá Pétri H. Jónssyni f.h. landeigenda Hjálmholts L166235 – Fyrirspurn varðandi vatnsból og vatnsverndarsvæði (VB4)**
Fyrir liggur fyrirspurn frá Pétri H. Jónssyni f.h. landeigenda Hjálmholts L166235 varðandi vatnsból og vatnsverndarsvæði (VB4). Í erindinu er óskað eftir því að sveitarstjórn Flóahrepps endurskoði afmörkun vatnsverndarsvæða, grann- og fjarsvæða, á svæðinu við VB4 í aðalskipulagi Flóahrepps.
Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við að skoða frekari afmörkum á vatnsverndarsvæði, grann- og fjarsvæðis, við eystra vatnsból merkt VB4 í aðalskipulagi Flóahrepps en hafnar því að vatnsbólið verði tekið út af aðalskipulagi sveitarfélagsins að svo stöddu. Sveitarstjórn bendir á að vinna við endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps er komin af stað þar sem möguleiki opnast á endurskoðun á afmörkun vatnsverndarsvæðisins. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram með landeigendum og fyrirspyrjanda.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. **Erindi frá Tónlistarskóla Árnesinga – Ósk um aukna tónlistarkennslu í Flóahreppi frá hausti 2024**
Fyrir liggur erindi frá Tónlistarskóla Árnesinga um aukna tónlistarkennslu í Flóahreppi frá hausti 2024. Ósk um aukinn kennslukvóta er komin til vegna biðlista í tónlistarnám. Óskað er eftir því að fá að fjölga kenndum klst. úr 16,5 í 17,5.
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að auka kennslukvóta í Tónlistarskóla Árnesinga um 1 klst skólaárið 2024-2025 og tekur aukningin gildi frá hausti 2024. Aðeins verði greitt fyrir þær stundir sem nýtast.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. **Erindi frá Kvenfélögum Hraungerðishrepps og Gaulverjabæjarhrepps – Ársfundur SSK 2025**
Fyrir liggur erindi frá formanni Kvenfélags Hraungerðishrepps er varðar ósk um að sveitarfélagið láni Félagslund eða Þingborg fyrir ársfund SSK vorið 2025 sem kvenfélögum Hraungerðishrepps og Gaulverjabæjarhrepps hefur verið boðið að halda. Einnig er óskað eftir því að sveitarfélagið gefi hátíðarkvöldverðinn.
Sveitarstjórn samþykkir að lána kvenfélögum Hraungerðishrepps og Gaulverjabæjarhrepps Félagslund eða Þingborg til að halda ársfund SSK. Leigan mun færast sem styrkur til kvenfélaganna. Sveitarstjórn óskar eftir kostnaðaráætlun vegna hátíðarkvöldverðar og vísar ákvörðun um að bjóða upp á hátíðarkvöldverð á ársfundinum til fjárhagsáætlunargerðar 2025. Sveitarstjórn bendir á að hafa þarf samband við húsvörð vegna mögulegra dagsetninga á ársfundinum og bókun á húsi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. **Fundargerðir**
   a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 303, dags. 17.09.2024
   b) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 25, dags. 24.09.2024
   c) Fræðslunefndar nr. 152, dags. 24.09.2024

Varðandi lið 12 í fundargerð þá bendir sveitarstjórn á að sveitarstjórn þarf að staðfesta breytingar á inntöku- og dvalarskilyrðum Krakkaborgar.

d) Stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 21, dags. 09.09.2024
e) Stjórnar SASS nr. 613, dags. 13.09.2024
f) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 327, dags. 17.09.2024
g) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 238, dags. 24.09.2024
h) Framkvæmdaráðs Almannavarna Árnessýslu nr. 7, dags. 10.09.2024
i) Stjórnar Arnardrangs hses nr. 16, dags. 09.09.2024 og nr. 17, dags. 20.09.2024
j) Stjórnar Bergrisans nr. 76, dags. 09.09.2024

**9. Efni til kynningar**

a) Starfsskýrsla Krakkaborgar 2023-2024
b) Ársskýrsla Flóaskóla 2023-2024
c) Minnisblað um forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2025 og 2026-2028
d) XIII. Umhverfisþing 5. nóvember 2024
e) Ferðaþjónustudagurinn 7. október 2024
f) Hvatningarátakið Nægjusamur nóvember 2024
g) Yfirlit frá Úrvinnslusjóði vegna sérsöfnunar umbúða í apríl-júní 2024
h) Frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála – Niðurstöður frumkvæðisathugunar á stöðu uppfærslu stoð- og stuðningsþjónustureglna sveitarfélaga.
i) Skipulagsdagurinn 17. október 2024
j) Bókun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps frá 5. september 2024
k) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis: Til umsagnar mál. nr. 222 – námsgögn.
a) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 15. október kl. 19:00 í Þingborg og í beinu streymi.

**10. Trúnaðarmál**

Fært í trúnaðarmálabók.

*Árni Eiríksson (sign)*
*Walter Fannar Kristjánsson (sign)*
*Hjalti Guðmundsson (sign)*
*Hulda Kristjánsdóttir (sign)*
*Harpa Magnúsdóttir (sign)*

Árni Eiríksson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson
Walter Fannar Kristjánsson
Hulda Kristjánsdóttir

**FLÓAHREPPUR**
480 4370 | floahreppur@floahreppur.is | www.floahreppur.is | Þingborg | 803 Selfoss

## Fundargerð nr. 12
## Íþrótta- æskulýðs- og menningarnefnd Flóahrepps

| | |
|---|---|
| Fundarstaður: | Þingborg fundarsalur |
| Fundardagur: | Þriðjudagur 24. september 2024 |
| Fundartími: | 19:30-21:30 |
| Fundarmenn: | Sigrún Hrefna Arnardóttir formaður |
| | Rúnar Magnússon |
| | Harpa Magnúsdóttir |
| | Hafdís Gígja Björnsdóttir varamaður fyrir Agnesi Björgu Birgisdóttur |

Að auki sat Berglind Björk Guðnadóttir fundinn undir lið 1 og 2.
Sigurður Ingi Sigurðsson tilkynnti forföll.

*Sigrún Hrefna Arnardóttir stýrði fundi. Harpa Magnúsdóttir ritaði fundargerð.*

1. **Jóla aðventutónleikar.**
   Komnir eru kórar í Flóaskóla, og kórstjóri er Eyrún Jónasdóttir - 1-4 bekkur og 5-7 bekkur. Athuga með svipuð atriði og síðast. Keypt atriði, spurning um að skoða eitthvað annað en síðast. Breyta jólasveininum. Hraða kakó afgreiðslunni. Auglýsa eftir atriðum eins og í fyrra og tala við tónlistarskólann og tónsmiðjuna. Sama kerfi og síðast með miðana og frímiðana. Reyna að hafa allt efni úr sveitinni eins og áður.
2. **Styrkumsókn vegna Aðventutónleika 2024.**
   Sækja um styrk til uppbyggingarsjóðs SASS. Berglind gerir umsókn, skoðar umsókn síðasta árs.

   Berglind víkur af fundi.
3. **Fjör í Flóa.**
   Gekk mjög vel þrátt fyrir leiðinlegt veður. Gangan gekk einstaklega vel sérstaklega þrátt fyrir veður en það rigndi alla gönguna. Allar sýningar gengu mjög vel. Færri gestir en áður vegna veðurs og því minni sala. Beiðni um gott veður að ári er lögð inn.
4. **Haustviðburður**
   Ákveðið að sleppa því að halda ball. Einbeita sér að aðventukvöldi og eldri borgara hittingum.
5. **Íþrótta og æskulýðsmál**
   Íþrótta og æskulýðsmál í góðum málum. Hvetja ungmennaráð til að vera með opið hús í vetur.
6. **Málefni eldri íbúa**
   Rætt um eldri borgara opin hús og almennt um opin hús.

*Fundargerð rituð af Hörpu Magnúsdóttur*



RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sigrún Hrefna Arnardóttir
Kt. 1605744619
Dags. 2.10.2024 16:09:28
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Rúnar Magnússon
Kt. 1801785629
Dags. 2.10.2024 19:24:27
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Harpa Magnúsdóttir
Kt. 2004784959
Dags. 3.10.2024 13:28:30
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Hafdís Gígja Björnsdóttir
Kt. 3006972409
Dags. 8.10.2024 14:26:27
Ástæða: Undirritun

Skóla- og velferðarþjónusta
ÁRNESÞINGS

# Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldinn í Þingborg 24. september 2024, kl. 15:00

---

**Mættir eru:**
*Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps, sitjandi formaður*
*Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps*
*Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar*
*Sylvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps*
*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps*

*Að auki sátu Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri í Bláskógabyggð, Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri í Grímsnes- og Grafningshreppi, Árni Eiríksson oddviti í Flóahreppi og Jón Bjarnason oddviti í Hrunamannahreppi fundinn.*

*Einnig sátu Anný Ingimarsdóttir og Gunnlaug Hartmannsdóttir deildarstjórar fundinn.*

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Hulda Kristjánsdóttir.
Sitjandi formaður, Aldís Hafsteinsdóttir, setti fund og stjórnaði.

---

Hér var gengið til dagskrár:

1. **Tölulegar upplýsingar og fréttir frá deildarstjóra velferðarþjónustu**
Deildarstjóri velferðarþjónustu fór yfir tölulegar upplýsingar vegna velferðarþjónustu fyrir fyrstu 8 mánuði ársins 2024 (frá 01.01.2024-01.09.2024).
Mikill tími hefur farið í að undirbúa fyrsta mál þjónustunnar sem fer fyrir umdæmisráð landsbyggðar. Rætt um aukinn kostnað í heimaþjónustu og mikinn akstur starfsmanna innan heimaþjónustu. Verið er að vinna að reglum um stoðþjónustu. Rætt um undanþágu vegna barnaverndar.
Ljóst er að það vantar starfsfólk með sérfræðiþekkingu í velferðarþjónustuna þar sem ráðgjafi og félagsráðgjafi eru hættir störfum. Að auki hafa verið veikindaforföll annarra starfsmanna. Aukið hefur verið í stöðugildi tímabundið hjá félagráðgjafa í málefnum fatlaðs fólks og hjá þjónustufulltrúa ásamt því að forstöðumaður stuðningsþjónustu hefur ekki dregið úr starfshlutfalli eins og stóð til. Auglýst hefur verið eftir félagsráðgjafa með litlum árangri undanfarna mánuði en verið er að vinna úr einn umsókn sem barst nýlega.

   *Deildarstjóri velferðarþjónustu mun senda samantekt í tölvupósti á aðal- og varamenn í stjórn og hvert sveitarfélag getur haft samband ef frekari upplýsinga um einstaka liði er óskað.*

   *Stjórn samþykkir að sótt verið um áframhaldandi undanþágu vegna barnaverndar og deildarstjóra falið að ganga frá umsókn um undanþágu.*
   *Stjórn felur deildarstjóra velferðarþjónustu að taka saman upplýsingar um launaröðun og kjör vegna mögulegrar ráðningar í 100% stöðu félagsráðgjafa sem myndi einnig*

*sinna bakvöktum. Deildarstjóra falið að vinna áfram úr umsókn sem borist hefur um starfið í samráði við formann stjórnar.*

2. **Samantekt frá deildarstjóra skólaþjónustu**
Deildarstjóri skólaþjónustu fór yfir samantekt vegna skólaþjónustu. Farið var yfir hlutverk skólaþjónustu og lagðar fram tölulegar upplýsingar um stöðu mála hjá talmeinafræðingi og sálfræðingi. Talmeinafræðingur starfaði sem verktaki fyrir þjónustuna við greiningar frá desember 2023-maí 2024 og talmeinafræðingur kom svo aftur til starfa eftir fæðingarorlof í júní. Rætt um möguleikann að fá Tröppu sem viðbót við þjónustuna. Sálfræðingar hafa starfað sem verktakar frá upphafi þjónustunnar og gengur vel. Rætt um verkefni „Snemmtæka íhlutun" og að það vanti einn sameiginlegan starfsdag allra leikskólanna innan þjónustunnar sem er mikilvægur þáttur í því verkefni. Deildarstjóri ræddi um skipulag vegna náms- og starfsráðgjafar á svæðinu og lagði áherslu á mikilvægi þess að náms- og starfsráðgjafi sé meira innan skólanna sem er erfitt að verða við með núverandi fyrirkomulagi.

*Deildarstjóri skólaþjónustu mun senda samantekt í tölvupósti á aðal- og varamenn í stjórn og hvert sveitarfélag getur haft samband ef frekari upplýsinga um einstaka liði er óskað.*

*Stjórn felur deildarstjóra skólaþjónustu og talmeinafræðingi að taka saman hversu mörg börn bíði eftir þjónustu talmeinafræðings m.t.t. þjónustu frá Tröppu.*
*Stjórn felur deildarstjóra að senda formlegt erindi á formenn allra skóla- og fræðslunefnda sveitarfélaganna þar sem óskað er eftir breytingum á skóladagatali vegna sameiginlegs starfsdags í leikskólum.*

3. **Húsnæðismál Skóla- og velferðarþjónustunnar**
Deildarstjórar lögðu fram þarfagreiningu á húsnæði þjónustunnar líkt og kallað var eftir á fundi 13. febrúar 2024. Í þarfagreiningunni kemur fram að fjöldi starfsstöðva sérfræðinga þurfi að vera 9, þ.e. skrifborð og skjár ásamt skrifborði fyrir þjónustufulltrúa, tvær einstaklingsskrifstofur fyrir deildarstjóra, tvö viðtalsherbergi, fundarherbergi, starfsmannaaðstaða og pláss fyrir geymslu gagna.
Rætt var um að skoða þarf framtíðarstaðsetningu þjónustunnar og er það ákall frá starfsmönnum að þjónustan sé öll undir sama þaki.

*Stjórn samþykkir að taka samtalið áfram á næstu stjórnarfundum. Á milli funda skoði stjórnarmenn möguleika á starfsstöð fyrir þjónustuna innan sinna sveitarfélaga en ljóst er að leysa þarf þessi mál vegna breytinga á heilsugæslu í Laugarási og fleiri þátta. Einnig þarf að taka tillit til húsnæðismála í fjárhagsáætlanagerð 2025.*

4. **Önnur mál**
   a) Stjórn samþykkir að deildarstjórar skili samantekt um tölulegar upplýsingar og fréttir af starfseminni til stjórnar a.m.k. tvisvar á ári.

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings

b) Deildarstjórar lögðu fram gildi þjónustunnar til kynningar. Gildin eru Samvinna – Virðing – Áreiðanleiki.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Aldís Hafsteinsdóttir
Kt. 2112645009
Dags. 30.9.2024 09:10:40
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Hulda Kristjánsdóttir
Kt. 3001843249
Dags. 26.9.2024 15:23:14
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Helgi Kjartansson
Kt. 0211715499
Dags. 26.9.2024 15:27:28
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sylvía Karen W. Heimisdóttir
Kt. 2908825679
Dags. 26.9.2024 15:30:45
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Ása Valdís Árnadóttir
Kt. 3004825119
Dags. 26.9.2024 16:28:56
Ástæða: Undirritun

**FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA**

BYGGÐASAFN ÁRNESINGA

13. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn fimmtudaginn 19. september 2024 kl. 17 í sal Búðarstígs 22 á Eyrarbakka. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir varaformaður og Árni Eiríksson ritari. Fundinn sat einnig Lýður Pálsson safnstjóri sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu. Þetta var tekið fyrir:

1. <u>Rekstur Byggðasafns Árnesinga 1.1.-31.8. 2024 og spá um endanlega rekstrarstöðu.</u> Yfirlit var lagt fram og rætt. Rekstur safnsins er í góðu jafnvægi.

2. <u>Starfsáætlun Byggðasafns Árnesinga árið 2025.</u> Starfsáætlunin var lögð fram og rædd. Gert er ráð fyrir sambærilegum rekstri og áður. Meðal nýmæla má nefna undirbúning að gerð nýrrar grunnsýningar í Assistentahúsinu.

3. <u>Verkáætlun viðhaldsframkvæmda.</u> Safnstjóri lagði fram yfirlit um viðhaldsframkvæmdir um þessar mundir og áætlaða viðhaldsþörf næsta árs. Um þessar mundir er unnið að viðhaldsmálun Assistentahússins og tjörgun Hússins. Á næsta ári er gert ráð fyrir nýjum inngöngupalli í Húsið, viðgerð á skorsteini Assistentahússins auk fleiri smærri verkefna.

4. <u>Rekstraráætlun Byggðasafns Árnesinga árið 2025.</u> Rekstraráætlunin var lögð fram og var farið ítarlega yfir hana. Óljósir liðir eru laun og launakostnaður þar sem kjarasamningur háskólamenntaðra starfsmanna er laus. Fjármagnsgjöld eru einnig óljós liður sem sveiflast í takt við verðbólgu. Safnstjóra falið að kanna hjá endurskoðanda safnsins hvað hafi fallið á liðinn fjármagnsgjöld á fyrstu 8 mánuðum ársins. Þegar þær upplýsingar eru komnar mun stjórn safnsins funda aftur á Teams til að klára umræðu um rekstraráætlun.

5. <u>Starfsemin.</u> Undanfarnar vikur hafa fagmenntaðir starfsmenn safnsins unnið að verkefninu *Gullspor* sem er sýning í Sjóminjasafninu, söguganga um Eyrarbakka og greiningardagur. Höfundur sýningar og sýningarstjóri er Linda Ásdísardóttir. Á sýningunni eru kynntir gull- og silfursmiðir Árnessýslu og gull- og silfursmíði þeirra til sýnis. Á opnunardegi sýningarinnar þann 6. september var einnig boðað til sögugöngu um slóðir gullsmiða á Eyrarbakka og var safnstjóri leiðsögumaður. Sýningin *Konurnar á Eyrarbakka* er í borðstofu og hefur Jónína Óskarsdóttir annar höfundur sýningarinnar verið með viðveru margar helgar í sumar sem hefur verið vel sótt. Unnið er að gerð áætlana og umsókna í sjóði. Um þessar mundir mála málarar Assistentahúsið og tjörgun Hússins stendur fyrir dyrum. Í október verður greiningardagur á safninu þar sem allir geta látið sérfræðinga greina gull- og silfurgripi sína og gömul vasaúr. Einnig þátttaka í tónlistarhátíð og fyrirlestrar í Búðarstíg 22. Tekið er á móti hópum stórum og smáum og dagleg traffík þessa síðustu daga sumaropnunar betri en undanfarin sumur. Einnig er framundan þátttaka í Farskóla safnamanna á Akureyri í byrjun október.

6. <u>Næsti fundur.</u> Næsti fundur verður fjarfundur.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18,30.

Sandra Sigurðard.
Þórhildur Ingvadóttir
Árni Eiríksson

FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

BYGGÐASAFN ÁRNESINGA

14. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn fimmtudaginn 26. september 2024 kl. 11,10 á Teams og framhaldið á Teams þann 1. október kl. 10. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir varaformaður og Árni Eiríksson ritari. Fundinn sat einnig Lýður Pálsson safnstjóri sem skrifaði fundargerð. Þetta var tekið fyrir:

1. **Rekstraráætlun Byggðasafns Árnesinga árið 2025.** Framhald af umræðu síðasta fundar. Lagt var fram tölvubréf frá Björgvini Guðmundssyni hjá KPMG endurskoðun til safnstjóra og er svar við upplýsingum um fjármagnsgjöld af lánum safnsins sem stjórnin óskaði eftir á síðasta fundi. Spáð er hjaðnandi verðbólgu á næsta ári sem þýðir minni fjármagngjöld. Hinsvegar verður safnið að gera ráð fyrir fullum afborgunum lána. Þessum lið frestað þar til KPMG hefur sett upp heildstæða rekstraráætlun.
   Fundi frestað kl. 11,30.
   Fundi framhaldið þann 1. október kl. 10 á Teams og lögð fram heildstæð fjárhagsáætlun með rekstraráætlun, efnahag og sjóðstreymi. Í áætlunina er tekið tillit til afborgana af langtímalánum sem safnið þarf að standa undir og safnið því rekið með hagnaði ef verðbólguspár ganga eftir. Stjórn safnsins samþykkir áætlunina fyrir sitt leiti og felur safnstjóra að senda hana til Héraðsnefndar Árnesinga ásamt greinargerð.

2. **Næsti fundur.** Næsti fundur verður ákveðinn síðar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerðin var lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 10,10.

Lýður Pálsson

fundarritari

DIGITAL SIGNATURE 25.9.2024 17:02:33 GMT
Einar Kristján Jónsson
Einar Kristján Jónsson
Reason: Signature

DIGITAL SIGNATURE 25.9.2024 18:18:20 GMT
Knútur Emil Jónasson
Knútur Emil Jónasson
Reason: Signature

DIGITAL SIGNATURE 26.9.2024 06:38:13 GMT
Guðný Birna Guðmundsdóttir
Guðný Birna Guðmundsdóttir
Reason: Signature

DIGITAL SIGNATURE 26.9.2024 12:46:04
Ása Valdís Árnadóttir
Ása Valdís Árnadóttir
Reason: Signature

DIGITAL SIGNATURE 1.10.2024 09:11:59 GMT
Jónína Brynjólfsdóttir
Jónína Brynjólfsdóttir
Reason: Signature

# Fundargerð 76. fundar

## stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2024, þriðjudaginn 24. september kl. 12:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson og Einar Kristján Jónsson.

Að auki sátu fundinn Jóhannes Ágúst Jóhannesson sérfræðingur og Gréta Mar Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Samtök orkusveitarfélaga - aðalfundur 2024 - 2403003SO**

Rætt um undirbúning og framkvæmd aðalfundar samtakanna sem haldinn verður 9. október 2024 á Hilton Reykjavík Nordica eins og þegar hefur verið boðað.

*a) Tillaga að fjárhagsáætlun 2025-2026 lögð fram og samþykkt.*

*b) Skýrsla stjórnar 2022-2024 lögð fram og samþykkt.*

*c) Stjórn samþykkir að leggja til breytingar á stjórnarlaunum á aðalfundi þar sem miðað verði við hlutfall af þingfarakaupi. Sú tillaga er unnin í samvinnu við Samtök sjávarútvegssveitarfélaga og Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum. Tillaga er um að þóknunin verði:*

*2% af þingfarakaupi á hvern fund fyrir almennan stjórnarmann.*

*3,5% af þingfarakaupi á hvern fund fyrir formann.*

*d) Stjórnin samþykkir að leggja fram á aðalfundi nýja þrepaskipta gjaldskrá vegna árgjalda næstu ára.*

*Tillaga að þrepunum og árgjöldunum:*

*1-1000 íbúar 150.000*
*1001-3000 íbúar 250.000*
*3001-5000 íbúar 350.000*
*5001 íbúar > 550.000*

*e) Stjórn samþykkir að skipa starfsnefnd um stjórnarkjör sem hefur það hlutverk að koma með tillögu að stjórn á aðalfundinum 2024 en óskað hefur verið eftir tilnefningum frá aðildasveitarfélögum. Tillaga starfsnefndar verður lögð fyrir á aðalfundi sem tillaga að næstu stjórn.*

*Stjórn tilnefnir eftirtalda aðila úr röðum aðildarsveitarfélaga:*

*Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus, formaður*
*Hafrún Olgeirsdóttir, Norðurþing*
*Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð*

*Starfstími starfsnefndar er frá 25. september til og með 9. október 2024. Gréta Mar Jósepsdóttir starfsmaður samtaka orkusveitarfélaga mun vera starfsnefndinni innan handar. Starfsnefndin fær greitt fyrir fundarsetu í samræmi við reglur Sambands íslenskra sveitarfélaga um fundarsetu.*

2. **Orkufundur 2024 - 2403002SO**

Formanni og starfsmanni samtakanna er falið að undirbúa og auglýsa fundinn í samræmi við umræður á fundinum.

3. **Samráð við Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum - 2011004SO**

Á fundi stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga þann 21. júní 2024 var formanni falið að eiga fund með formanni Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum og ræða sameiginleg hagsmunamál þessara tveggja samtaka. Það er niðurstaða þeirra fundar að samtökin eiga þó nokkur sameiginleg hagsmunamál og telja formenn samtakanna að gott væri ef stjórnir beggja samtaka myndu hittast formlega og reglulega og eiga samtal.

*Stjórn samþykkir samhljóða að vísa tillögunni til umræðu á aðalfundi samtakanna.*

4. **Umboð - 2011004SO**

Lagt fram umboð starfsmanns að aðgangi Sambandsins að heimabanka samtakanna.

*Stjórn samþykkir samhljóða að veita Rósu Hjartardóttur aðgang að heimabanka samtakanna og öðrum rafrænum gögnum er tengjast bókhaldi félagsins.*

Fundi var slitið kl. 13:30

# Fundargerð 952. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 27. september kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Helgi Kjartansson, Álfhildur Leifsdóttir, Ásgerður Kristín Gylfadóttir og Jón Björn Hákonarson.

Walter Fannar Kristjánsson boðaði forföll, varamaður hans Ásgerður K. Gylfadóttir mætti í hans stað. Margrét Ólöf A. Sanders boðaði forföll, varamaður hennar Helgi Kjartansson mætti í hennar stað. Rósa Guðbjartsdóttir boðaði forföll en varamaður hennar hafði ekki tök á að sitja fundinn í hennar fjarveru.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Kynning umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins - 2409034SA**

   Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Stefán Guðmundsson og Halla Sigurðardóttir frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu ásamt Örnu Ómarsdóttur komu inn fundinn undir þessum lið og gerðu þau grein fyrir vinnu við skilvirkari leyfisveitingu á sviði umhverfis- og orkumála. Einnig kynntu þau verkefni um endurskoðun um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum.

2. **Kostnaður og tekjur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs - 2308026SA**

   Á 89. fundi verkefnistjórnar um úrgangsmál, dags. 28. ágúst 2023, lagði verkefnastjórn til að Sambandið hrindi af stað verkefni um kostnað og tekjur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs í ljósi þess að kostnaður sveitarfélaga vegna þessa málaflokks hefur aukist verulega. Tillagan var samþykkt í stjórn Sambandsins þann 29. september 2023. Markmið verkefnisins var að ná betri yfirsýn yfir kostnað sveitarfélaga og hvernig hann hefur þróast síðastliðin ár. Auk þess að fá fram tillögur um möguleika til aukinnar hagkvæmni og bættrar yfirsýnar í málaflokknum.
   Verkefninu var skipt upp í tvo hluta. Í fyrri hlutanum voru fimm sveitarfélög valin til þátttöku í verkefninu, þar sem gögn þeirra voru tekin saman og unnin greining á kostnaði og tekjum þeirra í úrgangsmálum fyrir undangengið ár. Ráðgjafar Pure North unnu greiningu kostnaðar út frá hrágögnum, þ.e. reikningum og öðrum upprunalegum upplýsingum um kostnað vegna úrgangsþjónustu. Niðurstöður Pure North voru kynntar fyrir stjórn dags. 31. maí sl.

Í seinni hluta verkefnisins, sem unnin var af HLH ráðgjöf var lagt upp með að eftirfarandi þættir yrðu skoðaðir og niðurstöður Pure north hafðar til hliðsjónar:

1. Hvernig er kostnaður og tekjur sveitarfélaga að þróast fyrir meðhöndlun úrgangs síðastliðin 10 ár?
2. Eru sveitarfélög að uppfylla lagakröfur þegar kemur að bókfærslum, gjaldskrárgerð og innheimtu vegna meðhöndlunar úrgangs?
3. Hvernig þurfa bókhaldsfærslur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs að breytast svo þær nái betur utan um útgjaldaliði og tekjur í málaflokknum og styðji við breytta innheimtu sveitarfélaga vegna innleiðingar Borgað þegar hent er?
4. Eru sveitarfélög með nægjanlegar upplýsingar og yfirsýn yfir kostnaðarmyndun í málaflokknum?
5. Hver er kostnaðarþátttaka Úrvinnslusjóðs vegna kostnaðar sveitarfélaga á meðhöndlun á úrgangi á ábyrgð Úrvinnslusjóðs?
6. Hvernig eru fjárfestingar að stuðla að því að sveitarfélög uppfylli hlutverk sitt og ábyrgð skv. nýju lögunum og eru vísbendingar um að innviði skorti?

Nú liggur fyrir skýrsla HLH um þróun kostnaðar úrgangsmála sveitarfélaga árin 2012 til 2023. Arnar Haraldsson ráðgjafi frá HLH kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir niðurstöðum skýrslunnar.

*Stjórn þakkar fyrir greinagóða skýrslu um þróun kostnaðar úrgangsmála sveitarfélaga. Í skýrslunni eru lagðar fram 13 tillögur til úrbóta. Skýrslan verður kynnt sveitarfélögum á fjármálaráðstefnu þar sem kallað verður eftir sjónarmiðum sveitarfélaga. Þá er formanni og framkvæmdastjóra falið að setja á fót starfshóp um úrgangsmál þar sem m.a. verða skoðaðar tillögur er snúa að Úrvinnslusjóði og koma með tillögur að framtíðarfyrirkomulagi sem byggja á þessum tillögum og fyrri skýrslum.*

Hildur Björnsdóttir vék af fundi kl. 14:00, í stað hennar mætti varafulltrúi hennar Kjartan Magnússon kl. 14:45.
Guðmundur Ari Sigurjónsson vék af fundi kl. 14:20.

**3. Skýrsla um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk - 2205032SA**

Arnar Haraldsson ráðgjafi frá HLH sat fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir niðurstöðum á tillögum starfshóps í áfangaskýrslu II um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk, dags. í september 2024. Arnar vék af fundi kl. 14:55.

*Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að fylgja málinu eftir í samræmi við umræður á fundinum.*

Helgi Kjartansson vék af fundi kl. 15:00.

**4. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA**

Lögð fram fundargerð 98. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 28. ágúst 2024.

5. **Fundargerð 951. fundar - 2309033SA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 951. fundar stjórnar Sambandsins frá 30. ágúst 2024, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

6. **Fræðslumálanefnd - 2210009SA**

Lögð fram fundargerð 155. fundar fræðslumálanefndar Sambandsins frá 9. september 2024.

7. **Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA**

Lögð fram fundargerð 31. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 18. september 2024.

8. **Kjaramálanefnd Sambandsins - 2210010SA**

Lögð fram sem trúnaðarskjal fundargerð 46. fundar kjaramálanefndar Sambandsins frá 10. september 2024.

9. **Staða kjaramála - 2406015SA**

Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjaramála í september 2024.

10. **Kjarasamningur - 2406015SA**

Lagt fram samkomulag milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og AFLs Starfsgreinafélags, dags. 26. september 2024, ásamt fylgiskjali.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða fyrirliggjandi kjarasamning við AFL Starfsgreinafélag.*

11. **Endurnýjun veikindaréttar - 2409035SA**

Lagt fram minnisblað Antons B. Markússonar hrl., dags. 18. september 2024, um rétt starfsmanna til forfallalauna í veikindum - endurnýjun veikindaréttar.

| Gengismunur | | (3.526) | | | 33 | | | | |
| | (23.580) | (51.578) | (32.697) | (32.679) | (38.382) | (35.784) | (41.353) | (5.569) | 15,6% |
| **Rekstrarniðurstaða** | 17.274 | 20.574 | (5.933) | (5.933) | (14.213) | (15.628) | (90) | 15.538 | -99,4% |

## Sjóðstreymi

| Brunavarnir Árnessýslu Sjóðstreymisyfirlit | Áætlun 2022 | Raun 2022 | Áætlun 2023 | Endurskoðuð Áætlun 2023 | Raun 2023 | Áætlun 2024 | Áætlun 2025 | Breytingar kr | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | | | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi | 17.274 | 20.574 | (5.933) | (5.933) | (14.213) | (15.628) | (90) | 15.538 | -99% |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á hreint veltufé: | | | | | | | | | |
| Afskriftir | 37.800 | 44.898 | 55.283 | 55.283 | 45.040 | 56.464 | 64.166 | 7.702 | 14% |
| Gengismunur | | 3.069 | | | | | | | |
| Verðbætur af langtímaskuldum | 12.258 | 38.493 | 22.404 | 22.404 | 31.679 | 23.945 | 25.473 | 1.528 | 6% |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 2.000 | 3.312 | 4.200 | 4.200 | 15.300 | 4.466 | 5.666 | 1.200 | 27% |
| Söluhagnaður | 0 | (638) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| | 69.332 | 109.708 | 75.954 | 75.954 | 77.773 | 69.247 | 95.215 | 25.968 | 38% |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | | | | | | | | |
| Fyrirframgreiddur kostnaður (hækkun) | 0 | 483 | 0 | 0 | 483 | 483 | 483 | 0 | |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | 0 | (4.633) | 0 | 0 | (11.907) | 0 | 0 | 0 | |
| Skammtímaskuldir, hækkun | 0 | 10.119 | 0 | 0 | 10.914 | 0 | 0 | 0 | |
| Birgðir, (hækkun) | 0 | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar | (3.000) | (2.433) | (2.100) | (2.100) | (2.853) | (3.000) | (3.448) | (448) | 15% |
| | (3.000) | 3.535 | (2.100) | (2.100) | (3.363) | (2.517) | (2.965) | (448) | 18% |
| | 66.332 | 113.243 | 73.854 | 73.854 | 74.410 | 66.730 | 92.250 | 25.520 | 38% |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | | | | | | | |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | (65.122) | (113.076) | (123.008) | (18.008) | (40.144) | (219.628) | (209.628) | (10.000) | -5% |
| Skemmtímakröfur vegna fjárfestingar, breyting | | 19.163 | | | 7.438 | | | | |
| Skammtímaskuldir vegna fjárfestingar, breyting | | 9.749 | | | (8.211) | | | | |
| Seldir rekstrarfjármunir | 0 | 1.200 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | | |
| | (65.122) | (82.964) | (123.008) | 18.008 | (40.917) | (219.628) | (209.628) | 10.000 | -5% |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | | | | | | | |
| Skammtímalán vegna bifreiðakaupa | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | | |
| Ný langtímalán | 50.000 | 0 | 85.000 | 0 | 0 | 190.000 | 180.000 | (10.000) | -5% |
| Afborgun langtímalána | (51.210) | (54.670) | (55.846) | (55.846) | (57.378) | (46.619) | (46.666) | (47) | 0% |
| | (1.210) | (54.670) | 29.154 | (55.846) | (57.378) | 143.381 | 133.334 | (10.047) | -7% |
| **Hækkun á handbæru fé mv. áætlun síðasta árs** | 0 | (24.392) | (20.000) | 0 | (23.886) | (9.517) | 15.956 | 35.956 | |
| **Handbært fé í ársbyrjun mv. áætlun síðasta árs** | 23.248 | 121.284 | 23.248 | 23.248 | 96.892 | 67.375 | 92.848 | 69.600 | 38% |
| **Handbært fé í árslok mv. áætlun síðasta árs** | 23.248 | 96.892 | 3.248 | 23.248 | 73.007 | 57.858 | 108.804 | 85.556 | 88% |

**Brunavarnir Árnessýslu**
**Árvegi 1**
**800 Selfoss**
**4800900**
**ba@babubabu.is**

Október 2024
-- PP/ubö/lkg--

# Skýringar með fjárhagsáætlun vegna ársins 2025

## Inngangur:

### Hlutverk Brunavarna Árnessýslu:

- Slökkvilið eru öryggis- og forvarnastofnanir sveitarfélaganna.
- Stjórnendum slökkviliða er gert að fylgja stífu laga- og regluverki ríkisvaldsins.
- Slökkvilið eru hluti af grunnþjónustu samfélagsins.
- Eigendur slökkviliða eru íbúar sveitarfélaganna.

Í 11.gr laga nr.75/2000 segir að sveitarfélagi er skylt að sjá um að starfsemi slökkviliðs fullnægi kröfum samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra.

Í gr.16 sömu laga segir um skyldur slökkviliðsstjóra að hans hlutverk sé að:

- hafa eftirlit með því í sínu umdæmi að farið sé eftir lögum er að málaflokknum lúta og þeim reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim.
- hafa umsjón með öllum tækjum slökkviliðsins og eftirlit með virkni brunahana í umdæminu í samráði við rekstraraðila viðkomandi vatnsveita.
- stjórna slökkvistarfi við eldsvoða og hafa stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp á landi auk þeirra vettvanga þar sem kallað er eftir björgunarklippum. Við þessi störf eru löggæslulið og opinberir eftirlitsaðilar undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra. Lögregla sér slökkviliði fyrir greiðum aðgangi að vettvangsstað, stöðvar umferð um nærliggjandi götur, girðir af svæði sem slökkviliðið þarf til að gegna störfum sínum, verndar brunarústir sem rannsaka þarf eða bjarga verðmætum úr og varðveitir muni sem bjargað er frá bruna þar til þeir eru afhentir réttum aðila.
- tilkynna án tafar mengunaróhöpp til heilbrigðiseftirlits.
- sjá um fræðslu til slökkviliðsmanna og þjálfun þeirra í brunavörnum, björgunarstörfum og viðbrögðum við mengunaróhöppum og að haldnar séu reglubundnar æfingar slökkviliðs.

Auk þess vinnur slökkviliðsstjóri brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr., á starfssvæði sínu og leggur hana fyrir sveitarstjórn.

Í gr.12 laga nr.75/2000 er fjallað um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga en þar segir meðal annars að hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga sé að gera úttekt á mannvirkjum og

starfsemi þeirra með tilliti til brunavarna og á lóðum og öðrum svæðum utandyra þar sem eldhætta getur skapast t.d. vegna starfsemi á svæðinu, söfnunar úrgangs eða geymslu eldfimra efna, og gera kröfur um nauðsynlegar úrbætur á brunavörnum til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir.
Einnig segir þar að hlutverk eldvarnaeftirlits sé að hafa, í samvinnu við byggingarfulltrúa, eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að byggingarleyfi, samkvæmt lögum um mannvirki, hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess og grípa til viðeigandi þvingunarúrræða. Eldvarnaeftirliti ber að leiðbeina fyrirtækjum og stofnunum eftir atvikum um hvaðeina er varðar brunavarnir og eldsvoða vegna viðkomandi starfsemi og hafa eftirlit með því að eigendur og forráðamenn mannvirkis í rekstri sinni skyldum sínum um brunavarnir samkvæmt lögum og reglugerðum í samræmi við leiðbeiningar sem HMS gefur út.
Í reglugerð nr.723/2017 um eldvarnir og eldvarnaeftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnæði sem tekið hefur verið í notkun er síðan skýrt tekið á framkvæmd eftirlitsins og tíðni skoðana.

Það er lagaleg skilda og þar með ábyrgð slökkviliðsstjóra að sjá til þess að farið sé að lögum þeim er að málaflokknum lúta.

Málaflokkurinn er sveitarfélögunum dýr en þó má ekki gleyma þeim lið sem erfitt er að mæla til tekna í þessu samhengi en það eru þau verðmæti og þau mannslíf sem bjargast vegna starfsemi slökkviliða. Það má leiða að því líkum að þau verðmæti séu margföld ár hvert miðað við þá fjármuni sem fara í rekstur slökkviliða.

# Lög og reglugerðir

Mikill fjöldi laga og reglugerða gilda um málaflokkinn.

Á árinu 2017 kom út ný reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit nr.723/2017. Á árinu 2018, kom út reglugerð um starfsemi slökkviliða nr.747/2018. Báðar þessar reglugerðir marka ramma slökkviliða í landinu enn skýrar og er ljóst að með tilkomu þeirra hefur- og mun, rekstrarkostnaður slökkviliða aukast til þess að eftir þeim megi fara.

Í reglugerðinni um starfsemi slökkviliða nr.747/2018 segir í gr.15:

*Skipulag slökkviliðs. Í brunavarnaáætlun skal sýnt fram á mannaflaþörf slökkviliðsins. Sé ekki sýnt fram á að annað sé nægjanlegt skal miða við eftirfarandi lágmarksfyrirkomulag á rekstri slökkviliðs:*

*a. Yfir 15.000 íbúar í einstöku þéttbýli á starfssvæði slökkviliðs: Slökkvilið með fastri mannaðri sólarhringsvakt slökkviliðsmanna á slökkvistöð. (Þéttbýliskjarninn Selfoss nálgast þessa íbúatölu).*

*b. Yfir 5.000 íbúar á starfssvæði slökkviliðs: Slökkvilið þar sem slökkviliðsmenn eru á vakt á slökkvistöð á dagvinnutíma. Utan þess tíma er slökkviliðið mannað af slökkviliðsmönnum í hlutastarfi sem ekki hafa fasta viðveru á slökkvistöð en eru skyldugir til að mæta í útköll eftir skilgreindu skipulagi. (Þéttbýliskjarnarnir Hvergerði og Þorlákshöfn nálgast þessa íbúatölu).*




*Tímamæld svæði miðað við aksturstíma í Árnessýslu.*
*Útkallsstími (tími sem tekur hlutastarfandi slökkviliðsmenn að mæta á slökkvistöð og leggja af stað í útköll) er frá 3-8 mínútum. Sá tími leggst við aksturstímann sem fylgir myndinni.*

Í gr.20 eru tilmæli um lágmarksfjölda slökkviliðsmanna sem þurfa að vera á vakt miðað við útkallssvæði en útkallssvæðin eru skilgreind í 16. grein reglugerðarinnar.

Þar segir að á útkallssvæði 1 skulu vera að lágmarki:
Einn fullmenntaður stjórnandi og nægilega margir slökkviliðsmenn til að manna nauðsynleg hlutverk og búnað í útkallinu.

Eftirfarandi lágmarksfjöldi slökkviliðsmanna skal vera í útkallseiningu vegna **útkallssvæðis 1:**
3 í reykköfun.
1 í vatnsöflun.
1 stjórnandi.
**Samtals 5**

**Vegna útkallssvæðis 2, 3 og 4 (reykköfun, viðbrögð við mengunar- /eiturefnaslysum og eiturefnaköfun:**
5 í reykköfun.
1 í vatnsöflun.
1 stjórnandi.
**Samtals 7**

Ef forsenda slökkvistarfs í sveitarfélaginu byggist að einhverju leyti á notkun körfubíls eða tankbíls þarf að bæta við eftirfarandi mannskap sem þarf til að sinna þeim tækjum:
1 í körfubíl.
1 í tankbíl.
**Samtals 2**

**Í gr.16 eru útkallssvæði slökkviliða skilgreind.**
**Útkallssvæði 1:** Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang og vinnan hafin innan 10 mín. frá útkalli.
**Útkallssvæði 2:** Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang og vinnan hafin innan 15 mín. frá útkalli.

Samkvæmt reglugerð um starfsemi slökkviliða nr.747/2018 er ljóst að stór hluti starfsstöðvar BÁ sem tilheyrir Selfossi er á útkallssvæði 2. Á því svæði búa tæplega 12.000 íbúar og forsendur slökkvistarfs byggjast að einhverju leiti á notkun bæði körfubíls og tankbíls. Miðað við lágmarksforsendur reglugerðarinnar þyrftu því 9 slökkviliðsmenn að starfa í dagvinnuliði útkallsliðs.
Séu færð haldbær rök fyrir því að útkallssvæði slökkviliðseiningarinnar flokkist sem útkallssvæði 1 er lágmarksfjöldi slökkviliðsmanna útkallseiningarinnar í dagvinnu útkallsliði 7.

Í fjárhagsáætlun vegna ársins 2019 var ákveðið að reyna að milda áhrif reglugerðarinnar og einungis gert ráð fyrir ráðningu 4 slökkviliðsmanna í dagvinnustarf og reyna þar með að nálgast ráðningarnar yfir nokkurra ára skeið.

Á fundi Héraðsnefndar 22. október 2018 var sú ákvörðun tekin að ráða einungis 2 slökkviliðsmenn til dagvinnustarfa á árinu 2019 og ráða síðan aftur tvo á árinu 2020.

Héraðsnefnd fór fram á að launaliður fjárhagsáætlunarinnar yrði lækkaður um 20 milljónir vegna ársins 2019 en áður hafði stjórn ákveðið að lækka launalið fjárhagsáætlunar um 10 milljónir. Útreikningur á launalið áætlunarinnar var því 30 milljónir króna lægri vegna ársins 2019.

Í september 2019 voru íbúar sveitarfélagsins Árborgar komnir í 9.864 og því ljóst að það er langt yfir þá fólksfjöldatölur sem reglugerðin kveður á um að dagvinnuskipað slökkvilið sé starfrækt. Þess ber einnig að geta að í janúar byrjun 2019 voru íbúar Árnessýslu 17.959 talsins.

Slökkviliðsstjóri í umboði stjórnar, lagði til við Héraðsnefnd við fjárhagsáætlunargerð vegna ársins 2020, á fundi héraðsnefndar þann 15. október 2019, að tveir menn yrðu ráðnir inn til viðbótar í fullt starf við útkallseiningu BÁ á Selfossi þannig að dagvinnu útkallseiningin hefði yfir 4 slökkviliðsmönnum að ráða. Með því móti yrði komist nær þeim kröfum er reglugerð kveður á um. Héraðsnefnd hafnaði tillögu slökkviliðsstjóra.

Við fjárhagsáætlunargerð Brunavarna Árnessýslu vegna ársins 2021 var ákveðið af stjórn BÁ að fara ekki fram á við Héraðsnefnd að ráðnir yrðu inn tveir slökkviliðsmenn til viðbótar í dagvinnulið BÁ vegna fjárhagsástandsins í samfélaginu með tilliti til COVID-19. Hinsvegar óskaði stjórn þess að slökkviliðsstjóri setti fjárhagsáætlunina upp með þeim hætti að hækkunin vegna þeirra kæmi glögglega fram en yrði aftur á móti dregin frá loka niðurstöðu aftur á skýran hátt og var áætlunin því sett fram á þann hátt.

Á fundi stjórnar Brunavarna Árnessýslu sem haldin var þann 23. september 2021 var ákveðið að fara þess á leit við Héraðsnefnd Árnesinga að árið 2022 yrðu yrðu tveir slökkviliðsmenn í dagvinnuútkallslið slökkviliðsins til viðbótar þeim tveimur sem ráðnir voru árið 2019 til þess að komast nær þeim kröfum sem gerðar eru um mönnun slökkviliða í reglugerð 747/2018.
Gert var ráð fyrir að slökkviliðsmennirnir myndu hefja störf um mitt ár 2022 og var launalið áætlunarinnar stillt upp í samræmi við það.

Á fundi HN þann 25.10.2021 var ákveðið að ráða einn slökkviliðsmann til viðbótar við dagvinnuútkallslið og skyldi hann ráðinn um mitt ár 2022.

Við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2023 lagði slökkviliðsstjóri BÁ það til við stjórn slökkviliðsins að ráðnir yrðu inn tveir slökkviliðsmenn um mitt ár 2023 til þess að komast nær þeim lagalegu kröfum um mönnun slökkviliða sem gerðar eru. Stjórn BÁ féllst ekki á þessa tillögu slökkviliðsstjóra vegna fjárhagsstöðu sveitarfélaga en lagði hinsvegar til að einn slökkviliðsmaður yrðir ráðin inn til viðbótar undir lok árs 2023 og er því fjárhagsáætlun vegna ársins 2023 lögð fram með þeim hætti.

Við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2024 var ákveðið að fara ekki fram á fjölgun í dagvinnuliði slökkviliðsins en miklar launahækkanir á árinu 2023 höfðu sett sveitarfélögunum þröngar skorður.

Við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2025 var ákveðið af stjórn BÁ að fara ekki fram á fjölgun í dagvinnuliði BÁ vegna fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. En verður því töf á að slökkviliðið verði mannað samkvæmt lágmarks kröfu reglugerðar um dagvinnu slökkvilið miðað við 5000 manna þéttbýliskjarna.

Í reglugerð nr.747/2018 er ákvæði um að fari íbúafjöldi yfir 15.000 í einstöku þéttbýli á starfssvæði slökkviliðs skuli slökkviliðið mannað með fastri mannaðri sólarhringsvakt slökkviliðsmanna á slökkvistöð.

Til þess að hægt sé að færast nær þeirri mönnun slökkviliðsmanna á útkallsviði sem reglugerð kveður á um eru aukin útgjöld vegna launa óumflýjanleg.

Í b lið greinar nr.15 í reglugerð nr. 747/2018 segir einnig:
*Utan þess tíma er slökkviliðið mannað af slökkviliðsmönnum í hlutastarfi sem ekki hafa fasta viðveru á slökkvistöð en eru skyldugir til að mæta í útköll eftir skilgreindu skipulagi.*

Ekki er gert ráð fyrir mönnun slökkviliðsmanna á bakvaktir til þess að tryggja mönnun í útköll fyrir utan 8 helgar á sumrin.

Bakvaktir útkallsliðs á öllum stöðvum BÁ myndi útheimta umtalsverðan kostnað til viðbótar við launalið áætlunarinnar og er þess freistað að yfirmenn vakti vel mönnunarstöðu á hverri starfsstöð fyrir sig eins og áður hefur verið gert til þess að stjórnendur hafi góða yfirsýn ef slökkviliðsmenn einstakra starfsstöðva eru fjarri sínu samfélagi komi til útkalls.

Einnig er mikill styrkur í því að hafa fastmannaða vakt slökkviliðsmanna í fullu starfi útkallsdeildar til þess að mæta þeim útköllum sem koma á útstöðvum slökkviliðsins. Hlutastarfandi menn viðkomandi stöðvar mæta þá fyrstir í útkall en í flestum tilfellum eiga þeir von á liðsauka innan tíðar frá fullstarfandi einingunni.

Þetta á þó einungis við um dagvinnutíma á virkum dögum miðað við stöðuna hjá Brunavörnum Árnessýslu í dag.

Samkvæmt reglugerðinni eiga sveitarfélögin að reka slökkvilið á vöktum allan sólarhringinn þegar íbúafjöldi einstakra þéttbýliskjarna ná 15.000 íbúa marki. Miðað við íbúaþróun styttist í að það verði að veruleika.

## Skýringar á liðum:

### <u>Laun og launatengd gjöld</u>

Í þessum lið eru tekin öll laun fastra starfsmanna BÁ auk launa vegna stjórnarfunda, varðstjóra, vakta, útkalla, æfinga, námskeiða, funda, gangsetninga, ræstinga á útstöðvum og vegna annarar vinnu, auk æfinga í virkjunum samkv. samningum.
Starf Brunavarna Árnessýslu er metnaðarfullt. Stjórnendur stofnunarinnar leitast við eftir bestu getu að fara að þeim lögum og reglum sem settar eru um málaflokkinn.

Kjarasamningar slökkviliðsmanna eru lausir og hafa verið lausir frá 1. apríl 2024. Ekki er því gert ráð fyrir kjarasamningsbundnum launahækkunum í launaáætluninni vegna þessarar óvissu en það er alveg ljóst að laun munu hækka þegar um semst. Gera má ráð fyrir því að sá samningur verði afturvirkur. Það er því ljóst að launalið fjárhagsáætlunarinnar mun þurfa að taka upp á vorfundi Héraðsnefndar Árnesinga 2025.

**Rekstur bifreiða**
Undir þessum lið er kostnaður vegna eldsneytis, viðhalds, skatta, trygginga og fleira.
Ekki er gert ráð fyrir áföllum undir þessum lið.
Slökkviliðið rekur sjö slökkvistöðvar og er bifreiðafjöldi liðsins því allnokkur. Bílafloti liðsins er að eldast og hefur eðlilegt viðhald á þeim því aukist nokkuð. Notkun þessara tækja er umtalsverð og oft á tíðum fer sú notkun fram undir miklu álagi. Viðhaldsvinna er því ríkjandi þáttur í rekstri þessara tækja sem og eldsneytiskostnaður.
Gert er ráð fyrir hækkun uppá 3,9% á þessum lið.

**Rekstur húsnæðis**
Undir þessum lið er kostnaður vegna húsaleigu, hita, rafmagns, ræstinga, fasteignagjalda og viðhald fasteigna.
Brunavarnir Árnessýslu leigja húsnæði undir starfsemina á fjórum stöðum en eiga með tilkomu nýrrar slökkvistöðvar á Laugarvatni þrjár af sínum slökkvistöðvum. Ein af þeim slökkvistöðvum er Björgunarmiðstöðin á Selfossi þar sem BÁ leigir jafnframt út húsnæði til annarrar björgunarstarfsemi (sjúkraflutningar HSU). BÁ ber því einnig skyldur sem leigusali.
Áætluð húsaleiga BÁ lækkar talsvert með tilkomu nýrrar stöðvar á Laugarvatni eða um 26,2%.
Fasteigna gjöld til sveitarfélaganna hækka umtalsvert milli ára en hækkun þeirra skýrist af hluta til vegna nýrrar slökkvistöðvar BÁ, á Laugarvatni. Hækkun fasteignagjalda er 38,6% í áætluninni.
Kostnaður vegna hitaveitu lækkar miðað við rauntölur ársins 2024 og skýrist hún af viðgerðum og viðhaldi sem fram hefur farið á hitaveitukerfum slökkvistöðva. Nemur sú lækkun 7,2%.
Gert er ráð fyrir hækkun á kostnaði við rafmagnsnotkun um 10,2%.

**Annar rekstrarkostnaður**
Undir þessum lið er kostnaður vegna læknisskoðana, sálfræðiþjónustu, þrekprófa og heilsuræktar, fæðiskostnaður vegna æfinga, útkalla, kaffistofu og annarra verkefna, einkennis og hlífðarfatnaður, ferða og fundakostnaður, námskeiðakostnaður, tölvukostnaður og viðhald, minniháttar verkfæri og áhöld, slökkviefni, viðhald búnaður, fjarskiptakostnaður, prentun og ritföng, blöð og tímarit, aðkeypt þjónusta (SÞS), auglýsingar og styrkir, akstur og flutningskostnaður, Tryggingar slökkviliðsmanna, bókhaldskostnaður og ófyrirséður kostnaður.
Hækkun þessa liðar er 9,4% og skýrist sú hækkun fyrst og fremst af hækkandi verðlagi viðhaldsbúnaðar, hækkuðum rekstrarkostnaði á fjarskiptabúnaði og hækkuðum kostnaði við bókhaldskerfi.

**Búnaður / varanlegir rekstrarfjármunir**
Vottaður búnaður til björgunarstarfa er dýr. Búnaður úreldist, skemmist og þróaðar nýjungar koma á markað sem skila árangursríkara starfi.
Úreltan búnað þarf að endurnýja til þess að tryggja megi gæði starfsins og öryggi starfsmanna.
Á árinu 2025 er gert ráð fyrir endurnýjun á dælubúnaði, búnaði vegna gróðurelda, kaupum á reykköfunartækjum, slöngum og ýmsum smærri búnaði tengdum starfinu.
Þessi liður er oft notaður til þess að mæta ófyrirséðum kostnaði annarra liða þannig að ekki þurfi að fara fram á fjárauka frá sveitarfélögunum. Getur það leitt af sér að ekki tekst að fjárfesta í nauðsynlegum búnaði til endurnýjunar sem áætlað er fyrir.

**Þjónustuframlög v. virkjana**
Samningar eru milli BÁ, Landsvirkjunar, Landsnets og Orku Náttúrunnar um þjónustu umfram þá þjónustu er veita ber.
Þessir samningar ganga út á það að slökkviliðsmenn BÁ æfa ákveðin fjölda æfinga í virkjunarmannvirkjum til þess að vera betur í stakk búnir til þess að takast á við útköll í mannvirkjunum ef til þeirra kæmi.
Þessir samningar eru einnig skilyrtir af hálfu verkkaupa þess eðlis að verksala ber að kaupa búnað er nýtist til starfa í útköllum á virkjunarsvæðunum, fyrir það fé sem ekki er notað beint til æfinganna sjálfra.

**Önnur seld þjónusta**
Þessi liður felur m.a. í sér almannavarnir, húsaleigu, útseld námskeið, kennsla og þjónusta vegna slökkvitækjaþjónustunnar.
Lækkun er á tekjum þessa liðar og skýrist hún vegna þess að nýr samningur BÁ við HMS um kennslu í slökkvifræðum er umfangsminni en síðasti samningur við HMS.
Inní þennan lið eru einnig áætlaðar tekur vegna lokaúttekta eldavarnaeftirlits BÁ. Á árinu 2025 er áætlað að tekjur vegna þessa verði um 5 milljónir króna sem er hækkun um 1 milljón á milli ára.

**Húsaleiga frá HSU**
Þarna færast inn áætlaðar leigutekjur frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands vegna aðstöðu vaktar sjúkraflutningamanna og aðstöðu sjúkrabíla í húsnæði BÁ, Árvegi 1.

**Lífeyrisskuldbinding**
Hér er um að ræða skuldbindingu vegna fyrrverandi slökkviliðsstjóra sem eru orðnir lífeyrisþegar og eftirlifandi maka.

**Afskriftir fastafjármuna**
Tölur frá endurskoðanda.

**Reiknaðar verðbætur**
Vaxtagreiðslur af langtímalánum.

### Eftirstöðvar lána október 2024

| Flokkur | Eignir | Eftirstöðvar með verðbótum | Útgáfuár | Uppgreiðsla |
|---|---|---|---|---|
| Brú | Brú | 14.117.531 | 2018 | 2034 |
| Fasteign | Árvegur 1 | 248.105.161 | 2013 | 2033 |
| Slökkvibifreið | 81-141 2.hluti | 66.799.961 | 2021 | 2034 |
| Slökkvibifreið | 81-141 1.hluti | 28.341.606 | 2020 | 2034 |
| Slökkvibifreið | 81-751 | 9.589.829 | 2019 | 2029 |
| Slökkvibifreið | 81-731 | 87.920.460 | 2024 | 2039 |
| Fasteignir | Laugarvatn | 70.000.000 | 2024 | 2055 |
| Fasteignir | 1.hluti Flúðir | 30.000.000 | 2024 | 2055 |
| | | **554.874.548** | | |

**Fjárfestingaáætlun 2025**

Gert er ráð fyrir áframhaldandi vinnu við byggingu nýrrar tækja- og búnaðargeymslu (slökkvistöðvar), á Flúðum á árinu og að lántaka vegna þess verði 150 milljónir króna. Gert er ráð fyrir endurnýjun á tankbifreið sem staðsett verður á slökkvistöð BÁ, í Þorlákshöfn en núverandi tankbifreið þeirrar stöðvar er orðin mjög gömul. Ítrekað hefur endurnýjun hennar verið frestað. Gert er ráð fyrir 30 milljón króna lántöku vegna þessa. Gert er ráð fyrir annars áfanga í kaupum BÁ í ákveðnum hluta Björgunarfélags Árborgar í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi. Heildar verð þessa hluta fasteignarinnar er milli 30 og 40 milljónir króna og er gert ráð fyrir að kaupin muni fara fram á allt að 3 árum. Áætlað er að 10 milljónir verði greiddar á árinu 2025 og verði það fjármagnað með sértekjum BÁ.

**Nýjar lánatökur á árinu 2025**

Vegna byggingar nýrrar tækja- og búnaðargeymslu BÁ, á Flúðum er gert ráð fyrir 150 milljóna króna lántöku.
Vegna kaupa á nýrri tankbifreið staðsettri á slökkvistöð BÁ í Þorlákshöfn er gert ráð fyrir 30 milljóna króna lántöku.

**Brunavarnir Árnessýslu**
Árvegi 1
800 Selfoss
4800 900
ba@babubabu.is

Október 2024
----PP/ubö/lkg------

## Framkvæmdaáætlun BÁ 2024 til 2033

Eftirfarandi tölur eru áætlaður kostnaður vegna nýkaupa framkvæmda og fjárfestingaáætlunar BÁ vegna áranna 2024 – 2033. Einungis er áætlað fyrir stærstu útgjaldaliðum og er gert ráð fyrir að áætlað verði fyrir minni útgjaldaliðum í búnaðarlið hverar fjárhagsáætlunar fyrir sig eða þeir verði sérstaklega teknir fyrir við fjárhagsáætlanagerðir allt eftir eðli þess búnaðar eða tækja sem þörf kallar á.

**Framkvæmda og fjárfestingaáætlun vegna stærri útgjaldaliða 2024 - 2033**
**Auk þessa þarf að áætla fyrir minni bifreiðum (mannskapsbílar, dagnotabílar og gróðureldafaratæki)**

| | | | Evra 2.10.2023 | 146,6 | gengi 2.10.2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| 2024 | Ný dælubifreið til Hveragerðis (árg. 2000, 24 ára) | 596.488 | Evrur | Samningur gerður 22.4.2022 | 87.445.141 |
| | Kaup á auknu rými af BFÁ, Árvegi 1 Selfossi | 10.000.000 | | | 10.000.000 |
| | Ný tækjageymsla (slökkvistöð) á Laugarvatni 300 m2. | 70.000.000 | | | 70.000.000 |
| | 1 áfangi nýrrar tækjabeymslu (slökkvistöðvar) á Flúðum 600 m2. | 30.000.000 | Mv, vísitölur: | | 30.000.000 |
| | | | Byggingarvísitala gr.2021 | sept 2023. 115,6 | |
| | | | Byggingarvísitala gr.2009 | sept 2023. 184,6 | |
| 2025 | Kaup á nýrri tankbifreið fyrir Þorlákshöfn (árg. 1989, 36 ára) | 30.000.000 | | | 30.000.000 |
| | Kaup á auknu rými af BFÁ, Árvegi 1 Selfossi | 10.000.000 | | | 10.000.000 |
| | 2 áfangi nýrrar tækjageymslu (slökkvistöð) á Flúðum 600 m2 | 150.000.000 | Mv, vísitölur: | | 150.000.000 |
| | | | Byggingarvísitala gr.2021 | sept 2023. 115,6 | |
| | | | Byggingarvísitala gr.2009 | sept 2023. 184,6 | |
| 2026 | Ný dælubifreið til Reykholts (árg. 2005, 21 árs) | 596.488 | Evrur | M.V Hveragerði 2024 | 87.445.141 |
| | Kaup á auknu rými af BFÁ, Árvegi 1 Selfossi | 10.000.000 | | | 10.000.000 |
| 2027 | Ný dælubifreið Þorlákshöfn (árg. 2006, 21 árs) | 596.488 | Evrur | M.V Hveragerði 2024 | 87.445.141 |
| 2028 | Ný dælubifreið fyrir Árnes (árg. 2007, 21 árs) | 596.488 | Evrur | M.V Hveragerði 2024 | 87.445.141 |
| 2029 | Ný tækjageymsla (slökkvistöð) í Hveragerði 500 fermetrar. | 125.000.000 | Mv, vísitölur: | | 125.000.000 |
| | | | Byggingarvísitala gr.2021 | sept 2023. 115,6 | |
| | | | Byggingarvísitala gr.2009 | sept 2023. 184,6 | |
| 2030 | Ný dælubifreið fyrir Laugarvatn (árg. 2005, 25 ára) | 596.488 | Evrur | M.V Hveragerði 2024 | 87.445.141 |
| 2031 | Ný dælubifreið fyrir Flúðir (árg. 2007, 24 ára) | 596.488 | Evrur | M.V Hveragerði 2024 | 87.445.141 |
| 2032 | Ný tækjageymsla (slökkvistöð) í Reykholti 300 fermetrar. | 90.000.000 | Mv, vísitölur: | | 90.000.000 |
| | | | Byggingarvísitala gr.2021 | sept 2023. 115,6 | |
| 2033 | Bygging tækjageymslu (slökkvistöð) í Þorlákshöfn 500 fermetrar | 125.000.000 | Mv, vísitölur: | | 125.000.000 |
| | | | Byggingarvísitala gr.2021 | sept 2023. 115,6 | **1.174.670.845** |
| | | | Byggingarvísitala gr.2009 | sept 2023. 184,6 | |

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

# Fundargerð

**239. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands**
**haldinn þriðjudaginn 8. október 2024 kl. 13:00 að Austurvegi 65a, Selfossi**

**Mætt:** Guðrún S. Magnúsdóttir, Páll Tómasson (í fjarfundabúnaði), Fjóla St. Kristinsdóttir, Kjartan Ólafsson, Oddur Árnason og Sigrún Guðmundsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Örn Friðriksson boðaði forföll

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. **Starfsleyfi, skráning, tóbakssöluleyfi, afturköllun starfsleyfa, umsagnir, rekstraryfirlit**

   a) **Starfsleyfi**

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2410021HS | Starfsleyfi | Restora ehf. | 815 | 07.10.2024 |
| 2410025HS | Starfsleyfi | IVM 2 ehf. Organic Bloom | 815 | 07.10.2024 |
| 2410026HS | Starfsleyfi br. á starfsemi | Háskóli Íslands v Lindarbr. 4 | 840 | 07.10.2024 |
| 2410018HS | Starfsleyfi | Hofstígur ehf. | 861 | 04.10.2024 |
| 2410005HS | Starfsleyfi -breyting | Snyrtistofan Metta - María og Guðný ehf. | 800 | 01.10.2024 |
| 2410001HS | Starfsleyfi endurnýjun | TS bílar ehf. | 800 | 01.10.2024 |
| 2409104HS | Starfsleyfi endunýjun | Hjarðarból - Grasnytjar ehf. | 816 | 30.09.2024 |
| 2409096HS | Breyting á starfsleyfi | Southcoast Adventure ehf. | 860 | 25.09.2024 |

Ofangreind starfsleyfi eru samþykkt með fyrirvara um jákvæða úttekt heilbrigðisfulltrúa og jákvæða afgreiðslu viðkomandi skipulags- og byggingafulltrúa.

***Í auglýsingu:***

Eftirtalin starfsleyfisskilyrði eru í auglýsingu á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Starfsleyfi í auglýsingu verða gefin út að auglýsingafresti loknum að því gefnu að ekki berist athugasemdir við útgáfuna.

**Starfsleyfisauglýsingar vegna útgáfu starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi sbr. reglugerð nr. 550/2019 til kynningar**

TS Bílar ehf., kt. 7006101280, Fossnes 14, 800 Selfoss, vegna reksturs bifreiðaverkstæðis og smurstöðvar að Fossnesi 14. Sjá slóð hér.

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 29. október 2024

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

## b) Tóbakssöluleyfi

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki / stofnun | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2410019HS | Tóbakssöluleyfi - endurnýjun | Skalli - TBI ehf | 800 | 4.10.2024 |

Staðfesting skráningar á ofangreindum umsóknum

## c) Umsagnir til sýslumanna
### Vegna veitinga- og gistileyfa og tækifærisleyfa

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2410020HS | Rekstrarleyfi | Hofstígur ehf. | 861 | 04.10.2024 |
| 2410014HS | Rekstrarleyfi | Restora ehf. | 203 | 02.10.2024 |
| 2409108HS | Rekstrarleyfi | Skeiðflöt ehf. | 871 | 30.09.2024 |
| 2409095HS | Rekstrarleyfi - viðbót gisting | Vinastræti veitingarhús ehf. | 840 | 25.09.2024 |
| 2409093HS | Rekstrarleyfi, umsögn um lengdan opnunartíma. | Gos Rent ehf. Kúlan veitingast. | 900 | 25.09.2024 |
| 2409087HS | Rekstrarleyfi gisting sumarhúsi - vantar samþykki byggingafulltrúa | Jóra ehf. - gisting sumarhúsi | 805 | 23.09.2024 |
| 2409081HS | Rekstrarleyfi - breyting Ásgarður | Southcoast Adventure ehf. | 860 | 20.09.2024 |
| 2410017HS | Tækifærisleyfi Regnbogahátíð | Mýrdalshreppur | 870 | 3.10.2024 |
| 2410013HS | Tækifærisleyfi - Bjórhátíð | Ölverk, Breiðumörk 2, Hveragerði - Einfalt ehf. | 810 | 2.10.2024 |
| 2410010HS | Tækifærisleyfi til áfengisveitinga - Regnbogahátíð | Mýrdalshreppur | 870 | 2.10.2024 |
| 2409079HS | Tækifærisleyfi árshátíð HSu 2024 | Góð stemning ehf. | 800 | 20.9.2024 |
| 2410020HS | Rekstrarleyfi | Hofstígur ehf. | 861 | 04.10.2024 |

Afgreiðsla staðfest

## d) Umsagnir vegna skipulags- og umhverfismála
*Skipulagsmál*

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2409102HS | Nýtingarhlutfall iðnaðar og athafnasvæða, Þorlákshöfn, nr. 1175/2024 - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 27.09.2024 |
| 2409101HS | Hafnarsvæði H3, svæði sunnan Suðurvararbryggju, nr. 11742024 - Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 27.09.2024 |
| 2409100HS | Hlíð spilda 1 L221538, frístundasvæði, nr. 1172/2024 - Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 27.09.2024 |
| 2409099HS | Holtamannaafréttur, Búðarháls, efnistökusvæði, nr. 1170/2024 - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 27.09.2024 |
| 2409098HS | ASK GogG, skógrækt og frístundabyggð, nr. 1169/2024 - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 27.09.2024 |
| 2409097HS | Austurvegur 19 (Höfðavegur), nr. 11662024 - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 26.09.2024 |

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2409083HS | Fossnes og Mýrarland, nr. 11422024 - Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar | 800 | 23.09.2024 |
| 2409082HS | Steinar 1, nr. 07322024 - Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 23.09.2024 |

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

**2. Vegna aðalfundar 1. nóvember 2024**

**a. Fjárhagsáætlun og gjaldskrá 2025**

Drög að fjárhagsáætlun og gjaldskrá 2025 lögð fram til afgreiðslu. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að ganga frá tillögu að fjárhagsáætlun til samþykktar fyrir aðalfund í samræmi við ábendingar rýnihóps og umræður á fundinum.

**3. Úr eftirliti**

**a. Furubrún, Bláskógabyggð**

Bréf til kynningar vegna tiltektar á lóð. Málinu verður fylgt eftir.

**4. Aðsend erindi:**

**i. Mýrdalshreppur v/sundlaug – einn á vakt**

Til kynningar

**ii. Hestaleiga Alhestar, Þorlákshöfn**

Bréf til kynningar á fundinum.

**5. Önnur mál**

**a) Haustfundur heilbrigðisfulltrúa Hallormsstað 10.-11. okt**

Til kynningar

**b) Aðalfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) 24. okt**

Til kynningar

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:45

Guðrún S. Magnúsdóttir

Páll Tómasson

Fjóla St. Kristinsdóttir

Kjartan Ólafsson

Oddur Árnason

Sigrún Guðmundsdóttir

**Rafræn skilríki**
Undirritað af: Sigrún Guðmundsdóttir
Tími: 08.10.2024 15:45
Undirrita skjal úr OneCRM
Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**
Undirritað af: Fjóla Steindóra Kristinsdóttir
Kennitala: 2702725849
Tími: 08.10.2024 15:48
Samþykkt
Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**
Undirritað af: Páll Tómasson
Kennitala: 1305823389
Tími: 08.10.2024 16:12
Samþykkt
Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**
Undirritað af: Oddur Árnason
Kennitala: 0605655899
Tími: 08.10.2024 16:28
Samþykkt
Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**
Undirritað af: Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir
Kennitala: 2708755729
Tími: 08.10.2024 20:22
Samþykkt
Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**
Undirritað af: Kjartan Þ Ólafsson
Kennitala: 0211535599
Tími: 08.10.2024 21:42
Samþykkt
Undirritað með OneSign